



STARFSLÝSING

Yfirmaður : Skólastjóri og/eða deildarstjóri sérkennslu

Stofnun / deild Grunnskóli

1. Stjórnskipun, ábyrgð, markmið og meginviðfangsefni

- Aðstoða nemendur í skólastarfi, sérstaklega nemendur með sérþarfir, samkvæmt skipulagi deildarstjóra sérkennslu og í samráði við aðra kennara skólans. Stuðningsfulltrúi er kennara til aðstoðar við að sinna einum eða fleiri nemendum sem þurfa sérstaka aðstoð. Starfið miðar fyrst og fremst að því að auka færni og sjálfstæði þessara nemenda, félagslega, námslega og í daglegum athöfnum. Yfirmaður stuðningsfulltrúa er deildarstjóri sérkennslu og/eða skólastjóri en dagleg verkstjórn er í höndum kennara.

2. Helstu verkefni

2.1. Almennt

- Aðstoðar nemendur við daglegar athafnir og reynir að ýta undir færni og sjálfstæði þeirra.
- Vinnur eftir áætlun sem útbúin hefur verið í samráði kennara, deildarstjóra sérkennslu og annarra ráðgjafa.
- Vinnur undir leiðsögn kennara við að aðstoða nemendur að ná settum markmiðum samkvæmt skólanámskrá/einstaklingsnámskrá.
- Aðlagar verkefni að getu nemenda samkvæmt leiðbeiningum kennara.
- Sinnir öðrum nemendum í bekknum, m.a. ef kennari þarf meira svigrúm til að aðstoða þá nemendur sem þurfa sérstaka aðstoð.
- Gæsla nemenda í forföllum kennara.

2.2. Þjónusta og samskipti

- Þjónusta við nemendur, foreldra og starfsfólk grunnskóla.
- Sítur fag- og foreldrafundi eftir því sem við á.
- Tekur þátt í áætlanagerð og fundum vegna nemenda.

2.3. Teymisvinna

- Þátttaka í starfi grunnskóla í samráði og að óskum skólastjóra.
- Þátttaka í samstarfi stuðningsfulltrúa, umsjónarkennara og deildarstjóra sérkennslu.
- Þátttaka í teymisvinnu vegna einstakra nemenda.
- Þátttaka við innleiðingu og eftirfylgni þróunarverkefna.



2.4. Önnur verkefni

- Önnur verkefni sem skólastjóri felur honum og skilgreind eru á ábyrgðarsviði hans.
- Á sérstökum nemendafrídögum vinnur starfsmaðurinn að þeim verkefnum sem skólastjóri felur honum enda er sú vinna í fullu samræmi við þær kröfur sem gerðar eru til starfsins.
- Þagnarskylda gildir um öll mál sem starfsmenn verða áskynja í starfi sínu og gildir sú þagnarskylda þótt látið sé af störfum.

3. Hæfni- og samstarfsmarkmið

3.1. Menntun

- Menntun sem nýtist í starfi.

3.2. Hæfnisþættir

- Sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Frumkvæði og skipulagshæfni.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.

Fjarðabyggð 20. september 2017

Skólastjóri

Starfsmaður